## ÖRYGGISKORT FYRIR SKJÚKLINGA

## ÖRYGGISKORT FYRIR SJÚKLINGA

**Edoxaban WH**
filmuhúðaðar töflur
**edoxaban**
Vinsamlegast hafið þetta kort ávallt meðferðis.

Sýnið ávallt heilbrigðisstarfsmönnum, lyfjafræðingi, skurðlækni og tannlækni kortið fyrir læknismeðferð eða aðgerð.

UPPLÝSINGAR UM SJÚKLING

Nafn sjúklings:

Fæðingardagur:

Ef um bráðatilvik er að ræða, vinsamlegast hafið samband við:

Nafn:

Símanúmer:

**UPPLÝSINGAR UM MEÐFERÐ**
(Skal fyllt út af lækni)

Edoxaban WH hefur verið ávísað einu sinni á sólarhring í skammtinum: mg

Meðferð hefst: / (mm/áá)

Blóðflokkur:

Önnur lyf/sjúkdómar:

**UPPLÝSINGAR UM ÞANN SEM ÁVÍSAR LYFINU**

Ef þörf er á frekari upplýsingum eða ef um bráðatilvik er að ræða, vinsamlegast hafið samband við:

Nafn læknis:

Símanúmer, stimpill læknis:

Undirskrift læknis:

**UPPLÝSINGAR ÆTLAÐAR HEILBRIGÐISSTARFSMÖNNUM**

- Edoxaban WH er segavarnarlyf til inntöku, hemill á storkuþátt Xa
- Þegar þörf er á aðgerð skal stöðva meðferð með Edoxaban WH að minnsta kosti 24 klst. fyrir aðgerð og gæta skal viðeigandi varúðar.
- Edoxaban WH getur aukið hættuna á blæðingum. Ef um klínískt mikilvæga blæðingu er að ræða skal stöðva meðferð samstundis.
- Storkupróf svo sem INR (international normalised ratio), prótrombíntími (PT), og virkjaður hlutatrombóplastíntími (aPTT) eru ekki gagnleg til mælingar á virkni Edoxaban WH. Hins

vegar getur kvörðuð magngreining á virkni gegn storkuþætti Xa verið gagnleg við klíníska ákvarðanatöku.

Vísað er til nánari upplýsinga í samantekt á eiginleikum lyfs (SmPC).

## UPPLÝSINGAR UM MEÐFERÐINA

Þér hefur verið ávísað Edoxaban WH, segavarnarlyfi, sem þynnir blóðið og hjálpar til við að koma í veg fyrir myndun blóðtappa. Mikilvægt er að þú takir lyfið nákvæmlega eins og læknirinn hefur sagt til um.

- Ef þú gleymir skammti áttu að taka hann strax og halda síðan áfram daginn eftir eins og venjulega – ekki taka tvöfaldan ávísaðan skammt á sama degi
- Ekki byrja að taka önnur lyf (þar með talið lyf sem fást án lyfseðils) án samráðs við lækninn.
- Ekki hætta að taka Edoxaban WH án samráðs við lækninn þar sem það getur aukið hættuna á því að þú fáir blóðtappa.
- Vinsamlegast lestu fylgiseðilinn sem er að finna í öllum Edoxaban WH pakkningum.

## HVENÆR LEITA SKAL LÆKNIS

BLÆÐINGARHÆTTA

Taka segavarnarlyfja svo sem Edoxaban WH getur aukið hættu á blæðingum. Því er mikilvægt að þekkja möguleg einkenni blæðinga og hafa **samstundis** samband við lækninn ef eitthvað af eftirtöldu kemur fyrir:

- Marblettir eða blæðingar í húð
- Blóð í þvagi
- Hóstað er upp blóði
- Kastað er upp blóði eða einhverju sem líkist kaffikorgi
- Blóðnasir eða skurðir eru lengi að hætta að blæða
- Tjörulitaðar hægðir
- Sundl eða skyndilegur höfuðverkur
- Óútskýrð þreyta
- Óeðlilegar blæðingar frá leggöngum, þ.m.t. meiri blæðingar en venjulega eða blæðingar standa í lengri tíma.

Vinsamlegast talaðu við lækninn ef þú færð einhver óvenjuleg einkenni.